



LANDSBRÉF

# Árshlutareikningur

—  
30. júni 2018



Blaðsíðan er vísvitandi höfð auð.

# Efnisyfirlit

---

A-hluti	Bls.
<b>Árshlutareikningur rekstrarfélagsins</b>	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstremisfirlit .....	8
Skýringar .....	9
Stjórnþáttaryfirlýsing.....	18
<b>B-hluti</b>	
<b>Árshlutareikningur veröbréfasjóða</b>	
Samandreginn árshlutareikningur .....	23
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	24
Efnahagsreikningur .....	25
Landsbréf - Sparibréf stutt .....	26
Landsbréf - Sparibréf meðallöng .....	32
Landsbréf - Sparibréf plús .....	38
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð .....	44
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð .....	50
Landsbréf - Markaðsbréf .....	56
Landsbréf - Global Equity Fund .....	64
Landsbréf - Nordic 40 .....	70
Landsbréf - LEQ UCITS ETF .....	78
<b>Árshlutareikningur fjárfestingarsjóða</b>	
Samandreginn árshlutareikningur .....	85
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	86
Efnahagsreikningur .....	87
Landsbréf - Veltubréf .....	88
Landsbréf - Úrvalsbréf .....	95
Landsbréf - Öndvegisbréf .....	102
Landsbréf - Eignadreifing langtíma .....	109
Landsbréf - Einkabréf B .....	117
Landsbréf - Einkabréf C .....	126
Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð .....	135
Landsbréf - Global Portfolio.....	142
Landsbréf - Einkabréf D.....	148
Landsbréf - Eignadreifing virði .....	157
Landsbréf - Eignadreifing vöxtur .....	164

Landsbréf hf.

kt: 691208-0520

Borgartúni 33, 105 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins

Landsbréf hf. eru fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Landsbréf hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.

## Eignaraðild og framsetning árshlutareiknings:

Hluthafar í Landsbréfum hf. eru tveir:	Eignarhluti
Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920	0,01%
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790	99,99%

Báðir hluthafar félagsins eru dótturfélög Landsbankans hf., sem er að meirihluta í eigu íslenska ríkisins. Árshlutareikningur Landsbréfa hf. skiptist í A og B-hluta, þar sem A-hluti hefur að geyma árshlutareikning félagsins sjálfs, en B-hluti árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða sem ekki eru lögaðilar og voru í rekstri félagsins á tímabilinu. A-hluti árshlutareiknings Landsbréfa hf. er hluti af samstæðureikningi Landsbankans. Framsetning árshlutareikningsins er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 97/2004, um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, með síðari breytingum, og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1060/2015, um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Félagið starfar sem sjálfstætt fjármálafyrirtæki og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Landsbankanum.

## Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn þann 6. apríl 2018. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Í stjórn félagsins voru kjörin Þórður Jónsdóttir, formaður, Guðjón Valgeir Ragnarsson, Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason og Magnús Magnússon. Á fundinum var ákveðið að greiða 600 milljón króna arð til hluthafa og fór sú greiðsla fram í byrjun maí.

## Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á fyri hluta ársins 2018

Hreinar rekstrartekjur félagsins á fyri hluta ársins 2018 voru 939 milljónir króna, samanborið við tæpar 1.135 milljónir króna á sama tímabili árið 2017. Hagnaður af rekstri á fyri hluta ársins var 418 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi, samanborið við 566 milljónir króna á fyri hluta ársins 2017. Eigið fé Landsbréfa hf. í lok júní 2018 var 3.581 milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok sama tímabils í fyrra 3.206 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins, reiknað samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, var 92,66% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt 84. gr. laganna. Eiginfjárlutall í lok sama tímabils á árinu 2017 var 111,86%. Þá var eiginfjárgrunnur félagsins 405% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25% samkvæmt sama lagaákvæði.

Rekstur Landsbréfa gekk vel á tímabilinu og gerir stjórn ráð fyrir að reksturinn félagsins haldi áfram að vera stöðugur. Fjöldi starfsmanna í lok tímabils var 20, en starfsmenn voru 18 í upphafi árs.

Alls voru tæplega 13 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa og námu heildareignir í stýringu alls 152 milljörðum króna í lok tímabilsins, samanborið við 162 milljarða króna í upphafi árs. Sjóðum í stýringu félagsins má skipta í fjóra flokka, þ.e. hlutabréfasjóði, skuldabréfasjóði, blandaða sjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðir sem reknir eru á sjóðaformi eru sýndir í B-hluta árshlutareikningsins en fagfjárfestasjóðir sem eru á félagaformi eru ekki hluti af reikningsskilum Landsbréfa, enda sjálfstæðir lögaðilar, en eignir þeirra eru engu að síður taldar með í framangreindri fjárhæð eigna í stýringu.

Í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins er að finna ítarlega lýsingu á stjórnarháttum félagsins, en hana er að finna með skýringum með árshlutareikningi þessum.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskjú stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag yfirfarið árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2018

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbréfa hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning A- og B-hluta Landsbréfa hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymsyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglur um ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða nr. 1060/2015. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitnesku um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glöggva mynd af afkomu félagsins og sjóða þess á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018, efnahag 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Reykjavík, 30. ágúst 2018

*Grant Thornton endurskoðun ehf.*

*J. Svart Jónsson  
Guðrún Þórunn Þórssen*

# Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1. - 30.6	2017 1.1. - 30.6
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslupóknun og árangurstengdar þóknanir .....		868.356	1.095.720
Hreinar fjármunatekjur .....	4	70.642	29.872
Aðrar tekjur .....		300	9.271
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<b>939.299</b>	<b>1.134.863</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	263.568	219.826
Annar rekstrarkostnaður .....	6	126.831	192.201
Afskriftir .....	9	26.500	27.752
		<b>416.898</b>	<b>439.779</b>
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt .....</b>		522.400	695.084
Tekjuskattur .....	11	( 104.433)	( 139.017)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>417.968</b>	<b>556.067</b>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.6.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
Viðskiptavild .....	7	265.000	291.500
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8	1.972.023	2.266.234
Verðbréf með föstum tekjum .....		24.223	25.746
Langtíma kröfur á tengda aðila .....		1.687.654	1.375.745
Viðskiptakröfur á tengda aðila .....		172.841	184.826
Aðrar kröfur .....		13.640	6.495
Rekstrarfjármunir .....	9	1.090	1.090
Handbært fé .....		149.348	202.463
<b>Eignir samtals</b>		4.285.820	4.354.099

	30.6.2018	31.12.2017
<b>Eigið fé</b>		
Hlutafé .....	35.000	35.000
Yfirverðsreikningur .....	1.437.000	1.437.000
Lögbundinn varasjóður .....	8.750	8.750
Bundinn gangvirðsreikningur .....	46.210	3.190
Óráðstafað eigið fé .....	2.053.605	2.278.658
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>12</b>	<b>3.580.565</b>
		3.762.597

<b>Skuldir</b>				
Skattskuldbinding .....	11	71.075	66.279	
Skattskuld .....	11	411.914	312.278	
Skuldir við tengda aðila .....	10	81.017	93.552	
Aðrar skuldir .....		141.248	119.393	
				<b>Skuldir samtals</b>
				705.254
				591.502

**Eigið fé og skuldir samtals** 4.285.820 4.354.099

# Sjóðstremisyrflit 1. janúar - 30. júní 2018

	Skýr.	2018 1.1. - 30.6	2017 1.1. - 30.6
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....	12	417.968	556.067
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymu:			
Afskriftir .....	9	26.500	27.752
Gangvirðisbreyting verðbréfa .....		( 61.688)	( 19.272)
Tekjuskattur .....	11	104.433	147.633
		<b>487.212</b>	<b>712.181</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Langtímakröfur á tengda aðila, breyting .....		(311.909)	(430.388)
Viðskiptakröfur á tengda aðila, breyting .....		11.985	55.842
Aðrar kröfur, breyting .....		( 7.145)	( 420)
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		( 12.535)	65.484
Aðrar skuldir, breyting .....		21.855	( 19.494)
		<b>( 297.750)</b>	<b>( 328.976)</b>
		<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>383.205</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt verðbréf .....		( 330.000)	( 370.000)
Seld verðbréf .....		687.423	420.021
		<b>357.423</b>	<b>50.021</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	12	( 600.000)	( 500.000)
		<b>( 600.000)</b>	<b>( 500.000)</b>
		<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>	<b>( 66.774)</b>
		<b>Handbært fé í upphafi tímabilsins .....</b>	<b>202.463</b>
		<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>	<b>149.348</b>
			<b>102.656</b>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. eru íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálaþyrtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félagini á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Landsbréf hf. annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Árshlutareikningur Landsbréfa hf. skiptist í two hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða Landsbréfa hf.

Gengi verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

Landsbréf hf. eru með starfsstöðvar sínar á Íslandi og fer starfsemi þeirra fram að Borgartúni 33, 105 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf. en bankinn hefur aðsetur að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

## 2. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsbréfa hf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglur FME um reikningsskili rekstrarfélaga verðbréfasjóða ásamt reglum FME um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

### 2.2 Matsaðferðir

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákværðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beiingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

### 2.3 Samstæðureikningur

Árshlutareikningur Landsbréfa hf. A-hluti er hluti af samstæðu Landsbankans hf. Árshlutareikningur Landsbréfa hf. B-hluti er ekki hluti af samstæðu bankans nema í þeim tilvikum sem samstæða Landsbankans hefur yfirráð hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum í skilningi laga um ársreikninga. Samstæða Landsbankans telst hafa yfirráð í fjárfestingarsjóðunum Landsbréf - Eignadreifing langtíma, Landsbréf - Eignadreifing virði og Landsbréf - Eignadreifing vöxtur í skilningi laga um ársreikninga.

### 2.4 Umsýslubóknanir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýslubóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem útreikning á innlausnarvirði, reikningshald, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa og umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Auk þess greiða sjóðirnir hlutdeild í beinum útlögðum kostnaði sem ekki er innifalinn í bóknun rekstrarfélagsins svo sem vegna endurskoðunar sjóðanna, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar af verðbréfavísitolum, hugbúnaðar, lögræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga. Umsýslubókunin og kostnaðarhlutdeildin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeiri mynt sem hann er í. Landsbréf reka fagfjárfestasjóði sem greiða árangurstengdar þóknanir sem teljast til umsýslubóknana félagsins.

# Skýringar frh.

---

## 2.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2018. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok tímabilsins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok tímabilsins samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok tímabilsins.

## 2.6 Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Landsvaka hf. (nú Landsvaki ehf.) þann 22. mars 2012. Kaupverð var ákveðið með tilliti til tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Viðskiptavildin er afskrifuð á 10 árum.

## 2.7 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum eða breytanlegum tekjum sem eru skráð á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok tímabilsins. Virði annarra verðbréfa með föstum eða breytanlegum tekjum er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sírtæk niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok tímabilsins. Virði annarra framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sírtæk niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum í lok tímabilsins.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun í lok tímabilsins.

Afleiðusamningar eru metnir á markaðsviði í lok tímabilsins.

## 2.8 Viðskipta- og langtímakröfur

Viðskipta- og langtímakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslina vegna líkum á töpuðum kröfum. Um er að ræða kröfur aðallega vegna ógreiddrar umsýslu sjóða í rekstri Landsbréfa hf. í lok tímabilsins.

## 2.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

## 2.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 2.11 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óframkomin viðskipti og viðskiptaskuldir. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í lok tímabilsins.

# Skýringar frh.

---

## 2.12 Skattamál

Skattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Reiknuð skattskuldbinding vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Sjóðir B-hluta Landsbréfa hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

Sjóðir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti skv. lögum nr. 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlandis.

## 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun félagsins

Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins.

Starfsemi sjóða B-hluta hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Nánari upplýsingar um fjárhagslega áhættuþætti má finna í útboðslýsingum sjóðanna á vefsíðu félagsins, [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is).

# Skýringar frh.

## 4. Hreinar fjármunatekjur

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Hreinar tekjur af verðbréfum .....	61.688	19.272
Vaxtatekjur .....	8.479	11.324
Vaxtagjöld .....	( 41)	( 50)
Gengishagnaður (tap) gjaldmiðla .....	515	( 673)
Fjármunatekjur samtals .....	<u>70.642</u>	<u>29.872</u>

## 5. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	193.012	162.086
Iörgjöld til lífeyrissjóða .....	29.186	24.908
Launatengd gjöld .....	41.370	32.832
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>263.568</u>	<u>219.826</u>
Starfsmenn í lok tímabilsins .....	20	18
Fjöldi ársverka .....	18	16

## 6. Annar rekstrarkostnaður

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Greitt til Landsbankans hf. á grundvelli útvistunarsamninga .....	153.657	173.681
Endurskoðun .....	9.233	13.776
Annað .....	( 36.059)	4.744
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	<u>126.831</u>	<u>192.201</u>

Á tímabilinu var bakfærð áður gjaldfærð niðurfærsla undir liðnum Annað að fjárhæð 40 millj. kr.

## 7. Viðskiptavild

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 31.12
Viðskiptavild greinist þannig:		
Staða í upphafi tímabilsins .....	291.500	344.500
Afskrifað á tímabilinu .....	( 26.500)	( 53.000)
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	<u>265.000</u>	<u>291.500</u>
Afskriftarhlutfall .....	10,00%	10,00%

# Skýringar frh.

## 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	30.6.2018		
	Hlutdeildar-skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	115.679	0	115.679
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	1.856.293	0	1.856.293
Aðrir fjármálagerningar .....	0	50	50
	1.856.293	50	1.856.343
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	1.971.973	50	1.972.023

	31.12.2017		
	Hlutdeildar-skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	111.722	0	111.722
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða .....	2.154.462	0	2.154.462
Aðrir fjármálagerningar .....	0	50	50
	2.154.462	50	2.154.512
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	2.266.184	50	2.266.234

## 9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 31.12
Staða í upphafi tímabilsins .....	1.090	3.268
Afskrifað á tímabilinu .....	0	( 2.178)
Staða í lok tímabilsins .....	1.090	1.090
Heildarverð í lok tímabilsins .....	10.900	10.900
Uppsafrnaðar afskriftir í lok tímabilsins .....	( 9.810)	( 9.810)
Staða í lok tímabilsins .....	1.090	1.090
Afskriftarhlutföll .....	15%-33%	15%-33%
Afskriftir færðar í rekstrarreikning samanstanda af:		
	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	0	( 1.253)
Afskrift viðskiptavíldar, sbr. skýringu 7 .....	( 26.500)	( 26.500)
Afskriftir samtals .....	( 26.500)	( 27.752)

# Skýringar frh.

## 10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, sjóðir í rekstri Landsbréfa hf., stjórn Landsbréfa hf., lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskiptin við Landsbankann hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða eða fasta fjárhæð.

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á tímabilinu og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála.

Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. greiða félagini umsýslupóknun líkt og kveðið er á um í útboðslýsingum einstakra sjóða, auk árangurstengdrar þóknunar í tilfelli fagfjárfestasjóða. Kostnaðarhlutdeild sjóðanna í útlögðum kostnaði telst ekki til viðskipta við tengda aðila í þessu samhengi.

Í rekstrar- og efnahagsreikning hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila:

	2018		30.6.2018		
	1.1. - 30.6	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	1.307	170.412	149.348	81.017	
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	989.250	0	3.832.518	0	
2017		31.12.2017			
	1.1. - 30.6	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	3.318	194.614	202.463	93.552	
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	1.141.746	0	3.822.697	0	

## 11. Skattar

	2018	2017
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:		
Breyting á skattskuldbindingu .....	4.796	6.616
Tekjuskattur til greiðslu .....	99.636	141.016
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs .....	0	( 8.616)
Reiknaðir skattar samkvæmt rekstrarreikningi .....	104.433	139.017
Skattskuldbinding greinist þannig:		
Skattskuldbinding í upphafi tímabilsins .....	( 66.279)	( 59.322)
Reiknaður skattur tímabilsins .....	( 104.433)	( 319.235)
Tekjuskattur til greiðslu .....	99.636	312.278
Skattskuldbinding í lok tímabilsins .....	( 71.075)	( 66.279)
Skattskuldbinding skiptist þannig á milli liða:		
Viðskiptakröfur .....	( 18.732)	( 8.061)
Viðskiptavild .....	( 53.000)	( 58.300)
Frestaður gengismunur .....	( 23)	( 638)
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	680	720
Skattskuld .....	( 71.075)	( 66.279)
Skattskuld skiptist þannig á milli liða:		
Ógreiddur tekjuskattur frá fyrra ári .....	312.278	0
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins .....	99.636	312.278
Skattskuld í lok tímabilsins .....	411.914	312.278

# Skýringar frh.

## 12. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 35 milljónum króna samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félagini.

Bundið óráðstafað eigið fé skiptist í tvennt :

Bundið óráðstafað eigið fé er vegna hlutdeilda í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram móttékinn arð. Ef hlutdeild í afkomu dóttur- og/eða hlutdeildarfélaga er umfram móttékinn arð færir félagið mismuninn á bundinn reikning. Bundni reikningurinn skal, eftir því sem við á, leystur upp með færslu á óbundið óráðstafað eigið fé ef eignarhluturinn er seldur eða hann afskrifaður.

Bundið óráðstafað eigið fé vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Félagið færir gangvirðisbreytingar vegna fjáreigna tilgreindra á gangvirði gegnum rekstrarreikning, af óbundnu óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundna reikninginn eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverð	varasjóður	Bundinn		Óráðstafað eigið fé	Samtals
				Lögbundinn	gangvirðis- reikningur		
Eigið fé 1.1.2017 .....	35.000	1.437.000	8.750	61.050	1.607.888	3.149.688	
Hagnaður tímabilsins .....					556.067	556.067	
Breyting á gangvirðisreikningi .....				( 13.263)	13.263	0	
Greiddur arður .....					( 500.000)	( 500.000)	
Eigið fé 30.6.2017 .....	35.000	1.437.000	8.750	47.787	1.677.218	3.205.755	
Eigið fé 1.1.2018 .....	35.000	1.437.000	8.750	3.190	2.278.658	3.762.597	
Hagnaður tímabilsins .....					417.968	417.968	
Breyting á gangvirðisreikningi .....				43.020	( 43.020)	0	
Greiddur arður .....					( 600.000)	( 600.000)	
Eigið fé 30.6.2018 .....	35.000	1.437.000	8.750	46.210	2.053.605	3.580.565	

# Skýringar frh.

## 13. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 92,66% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögum er 8,0%.

Eiginfjárlutfallið reiknast þannig: 30.6.2018    31.12.2017

Eiginfjárgrunnar:

Eigið fé .....	3.580.565	3.762.597
Viðskiptavild .....	( 265.000)	( 291.500)
Eiginfjárgrunnar .....	<u>3.315.565</u>	<u>3.471.097</u>

Heildar eiginfjárkrafa greinist á eftirfarandi hátt:

Útlánaáhætta .....	282.343	257.725
Markaðsáhætta .....	3.908	6.491
Rekstraráhætta .....	-	-
Eiginfjárkrafa samtals .....	<u>286.251</u>	<u>264.216</u>
 Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað .....	204.499	204.499
 Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall .....	92,66%	105,10%

Samkvæmt 84. grein d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnar rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Eiginfjárgrunnar Landsbréfa var í lok tímabilsins 405% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Útlánaáhætta

Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhættu reiknast af fjáreignum félagsins í lok tímabilsins.

Markaðsáhætta

Gjaldeyrisáhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Rekstraráhætta

Samkvæmt 3. mgr. 84. grein e laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ber að undanskilja áhættugrunn vegna rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárkröfu rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Eftirlit með rekstraráhættu er liður í almennri áhættustýringu félagsins.

## 14. Vogunarhlutfall

Vogunarhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er 82,46% en lágmarks vogunarhlutfall samkvæmt lögum er 3,0%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig: 30.6.2018    31.12.2017

Eigið fé þáttar 1 .....	3.315.565	3.471.097
 Áhættuskuldbindingar		
- Liðir innan efnahags (afleiður undanskildar) .....	4.285.820	4.354.099
- Lögbundnr frádráttarliðir eigin fjár þáttar 1 .....	( 265.000)	( 291.500)
Heildaráhættuskuldbindingar .....	<u>4.020.820</u>	<u>4.062.599</u>
 Vogunarhlutfall .....	82,46%	85,44%

# Skýringar frh.

---

## 15. Aðrar upplýsingar

### Eignir í stýringu

Eignir í stýringu voru um 152 milljarðar króna í lok júní 2018 samanborið við 162 milljarða króna í upphafi tímabilsins. Eignir í stýringu hafa því lækkað um 10 milljarða króna eða um tæp 7% á tímabilinu. Alls voru tæplega 13.000 viðskiptavinir með eignir í stýringu hjá félaginu.

# Stjórnarháttayfirlýsing

---

Landsbréf hf., kt. 691208-0520 eru sjálftætt fjármálfyrirtæki sem hefur starfsleyfi rekstrarfélags verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða samkvæmt 7. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Félagið hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Rekstri sjóða Landsbréfa er hagað í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Skrifstofa félagsins er að Borgartúni 33 í Reykjavík.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarhættir séu opinberir og með því lagður grunnur að gegnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í stýringu hjá Landsbréfum, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhætti félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er birt með vísan til 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015 og á grundvelli 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2011. Við framsetningu yfirlýsingarinnar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (5. útgáfa frá maí 2015 sem m.a. er birt á vefsíðunni <http://www.leidbeiningar.is>).

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa er birt á heimasíðu félagsins ([landsbref.is](http://landsbref.is)), auk þess að vera birt með ársreikningi félagsins. Ákveðin frávik eru frá leiðbeiningunum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir - og báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhætti og telja þá nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar. Í lok ársins 2013 ákvað Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að veita Landsbréfum viðurkenningu sem fyrirmynndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Var sí viðurkenning veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins sem unnin var af lögmannsstofunni Lex. Viðurkenning þessi var endurnýjuð þann 15. mars 2016. Landsbréf vinna stöðugt að því að treysta umgjörð stjórnarháttu sinna og uppfæra í því skyni reglulega allt regluverk og ferla félagsins.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingarfélag ehf. Landsbréf eru sjálftætt fjármálfyrirtæki. Tilteknum verkefnum hefur verið útvistað til Landsbankans samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Reikningsskil Landsbréfa eru þannig unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útvistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörlufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa, sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af Grant Thornton endurskoðun ehf.

Landsbréf hafa sett sér sérstakar reglur til koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í samskiptum sínum við tengda aðila eins og Landsbankann. Úrdráttur úr reglum þessum er birtur á heimasíðu félagsins ([landsbref.is](http://landsbref.is)).

Samskipti félagsins við hluthafa fara fram á formlegum hluthafafundum.

Landsbréf eru öflugt sjóðastýringarfyrirtæki sem leggur metnað sinn í fagleg og vönduð vinnubrögð með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt framboð fjárfestingakosta fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Starfsmenn félagsins voru 18 talsins í árslok 2017, og hafði fjölgað um einn á árinu.

Landsbréf hafa skilgreint árangur, lausnir, fagmennsku og traust sem grundvallargildi í rekstri sínum. Leggur félagið metnað sinn í að skilgreina þarfir viðskiptavina og bjóða fjölbreytt sjóðaframboð til samræmis við þessar þarfir og vinna í hvívetna af fagmennsku og leggja þannig grunninn að trausti til félagsins og starfsmanna þess. Þá hefur stjórn Landsbréfa sett sérstakar siðareglur, (Siðasáttmála Landsbréfa) sem fela í sér grunnnið góðra viðskiptaháttu og siðferðis fyrir Landsbréf og starfsmenn þess. Viðmiðin gilda þannig um samskipti starfsmanna félagsins við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gilda. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins ([landsbref.is](http://landsbref.is)).

# Stjórnarháttayfirlýsing (framhald)

---

Stjórn Landsbréfa hefur samþykkt sérstaka stefnu Landsbréfa um ábyrgð gagnvart samfélagi og fjárfestingum. Með setningu þessarar stefnu er leitast við að marka stefnu með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og samfélagslegrar ábyrgðar almennt. Stjórn Landsbréfa hefur einnig samþykkt stefnu um meðferð atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum í eigu sjóða Landsbréfa og felst í þeirri stefnu mikilvægi þess að fjárfestar í sjóðum Landsbréfa geti gert sér grein fyrir þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir verðbréfum í eigu sjóða félagsins. Báðar þessar stefnur eru birtar á heimasíðu félagsins ([landsbref.is](#)).

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og gengið úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unnið innan félagsins sjálf, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu er útvistað með sérstökum samningum til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Stjórn félagsins hefur sett sérstaka stefnu um hagsmunárekstra auk þess sem stöðugt fer fram greining á mögulegum hagsmunárekstrum og hvernig unnt sé að lágmarka neikvæðar afleiðingar þeirra.

Stjórn Landsbréfa var síðast kjörin á aðalfundi félagsins þann 6. apríl 2018 og voru þá kjörin í stjórnina þau Þóranna Jónsdóttir, sem kjörin var formaður stjórnarinnar, Guðjón Valgeir Ragnarsson, Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, Haraldur Flosi Tryggvason og Magnús Magnússon. Fjögur þau síðast nefndu komu ný inn í stjórnina og komu þau í stað Sigríðar Hrólfssdóttur, sem gegnt hafði stöðu formanns stjórnar þar til hún varð bráðkvödd í janúar 2018, Helgu Gunnarsdóttur, Jóns Þórs Grímssonar og Kristins Inga Lárussonar. Varamenn í stjórn félagsins voru kjörin þau Einar Kristján Jónsson og Erna Eiríksdóttir. Meiri hluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa nú:

**Þóranna Jónsdóttir f. 19. desember 1968, formaður stjórnar.** Þóranna Jónsdóttir útskrifaðist með MSc í Lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og með MBA gráðu frá IESE í Barcelona 1998. Árið 2008 lauk hún prófi í verðbréfamíðun og útskrifaðist með doktorspróf í viðskiptafræði frá Cranfield University í Bretlandi árið 2011, en þar sérhæfði hún sig í ábyrgð og skyldum stjórnarmanna. Þóranna er sjálfstætt starfandi stjórnendaráðgjafi og lektor við HR. Hún starfaði á árunum 2011-2016 sem deildarforseti viðskiptafræðideildar Háskólangs í Reykjavík og framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar við sama skóla. Þóranna var framkvæmdastjóri samskipta- og viðskiptaþróunar hjá Auði Capital hf. árin 2007-2011 og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor hf./Veritas Capital hf. á árunum 2005-2008. Auk þess að vera í stjórn Landsbréfa á Þóranna sæti í stjórn Talna ehf., Festi hf., Maxam ehf. og Krónunnar ehf.. Þóranna var kjörin í stjórn Landsbréfa í apríl 2017 og verið formaður stjórnar síðan í janúar 2018. Hún er flokkuð sem óháður stjórnarmaður. Hún á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

**Guðjón Valgeir Ragnarsson f. 30. mars 1964, meðstjórnandi.** Guðjón er forstöðumaður hagdeilda Landsbankans. Guðjón er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað hjá Landsbankanum og forvera hans frá 1991. Framan af sem sérfræðingur í reikningshaldi og síðar forstöðumaður fjárhagsdeildar frá 1998 - 2008. Guðjón hefur verið forstöðumaður hagdeilda Landsbankans frá árinu 2008. Guðjón er sem starfsmaður Landsbankans flokkaður sem háður stjórnarmaður. Guðjón á ekki sæti í stjórnun annarra félaga. Fyrir utan tengsl hans við Landsbankann, sem starfsmaður hans, þá á hann engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa. Guðjón sat í varastjórn Landsbréfa árið 2017, en er nýr í aðalstjórn félagsins.

**Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, f. 2. september 1976, meðstjórnandi.** Guðmunda Ósk er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Guðmunda hefur starfað sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Landsbankans frá árinu 2016, var framkvæmdastjóri fjármálasviðs 365 miðla 2015 – 2016, starfaði sem viðskiptastjóri hjá Landsbankanum frá 2007 - 2015 en vann sem hlutabréfa- og skuldabréfagreinandi hjá Búnaðarbankanum og síðar Landsbankanum frá 2003 – 2007. Guðmunda er sem starfsmaður Landsbankans flokkuð sem háður stjórnarmaður. Auk þess að sitja í stjórn Landsbréfa er Guðmunda ósk varamaður í stjórn FRR ehf. Fyrir utan tengsl hennar við Landsbankann, sem starfsmaður hans, þá á hún engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa. Guðmunda Ósk var fyrst kjörin í stjórn Landsbréfa 6. apríl 2018.

# Stjórnarháttayfirlýsing (framhald)

---

**Haraldur Flosi Tryggvason, f. 29. nóvember 1966, meðstjórnandi.** Haraldur Flosi Tryggvason lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1999, árið 2002 bætti hann við sig M.Jur gráðu við Oxford háskóla og ári síðar MBA gráðu við Oxford Brookes háskóla. Á starfsferli sínum hefur Haraldur Flosi jöfnum höndum sinnt stjórnunarstörfum og lögmennsku, auk kennslu á svíði lögfræði og viðskiptafræði. Hann hefur setið í stjórnum ýmissra fyrirtækja og á nú sæti í stjórnum Félagsbústaða hf., GGX ehf., Aton media ehf., Fluglestarinnar – þróunarfélags ehf. og Hváls ehf. Haraldur sinnir lögmennsku sem aðalstarfi og er meðeigandi á lögmannsstofunni LMB Mandat. Haraldur Flosi er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Haraldur Flosi var fyrst kjörinn í stjórn Landsbréfa 6. apríl 2018.

**Magnús Magnússon, f. 16. september 1965, meðstjórnandi.** Magnús er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistaragráðu í alþjóðaviðskiptum frá Norwegian School of Economics í Bergen í Noregi. Magnús starfaði sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. í slitameðferð (LBL ehf.) á árunum 2009 – 2017, var sjálfstætt starfandi við eigið fyrirtæki á árunum 2002 – 2008, en vann hjá Búnaðarbankanum, Gildingu og Lysisingu á árunum 1990 – 2002. Magnús hefur jafnframt setið í stjórnum ýmissa félaga og auk þess að sitja í stjórn Landsbréfa situr Magnús nú í stjórnum Magnus fjárfestingarfélags ehf., Lysis hf., Dúfnavalla ehf., auk þess að vera varamaður í stjórn Varastaða. Magnús er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Magnús var fyrst kjörinn í stjórn Landsbréfa 6. apríl 2018 og var kjörinn varaformaður stjórnar á fundi stjórnar 26. apríl 2018.

Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Einar Kristján Jónsson fæddur 23. nóvember 1973, lögfræðingur í Landsbankanum sem telst háður Landsbankanum og Erna Eiríksdóttir, fædd 11. september 1963, viðskiptafræðingur, sem telst óháð Landsbankanum hf. Hvorki Einar Kristján né Erna eiga sæti í stjórnum annarra félaga og eiga engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa önnur en þau sem ráðast af starfssambandi Einars Kristjáns við Landsbankann.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftar ef þörf krefur. Á árinu 2017 voru haldnir 13 stjórnarfundir. Stjórnarfundi sóttu allir stjórnarmenn utan eins þar sem Helga Gunnarsdóttir var forfölluð. Lögfræðingur Landsbréfa ritar fundargerðir á stjórnarfundum. Á árinu 2017 var haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn lagði mat á eigin störf. Markmið fundarins var að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Með sama hætti var lagt mat á störf formanns stjórnar og undirnefnda stjórnar. Mat á starfi framkvæmdastjóra var frestað fram yfir áramót og fór fram í febrúar 2018.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar eru að auki birtar ýmsar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, reglur um hagsmunárekstra, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og siðasáttmáli Landsbréfa. Auk þessara reglna hefur félagið fjölda innri reglna og ferla sem starfsemin fer eftir. Allt innra regluverk félagsins er reglulega yfirfarið og uppfært.

Starfandi eru tvær undirnefndir stjórnar, þ.e. starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd.

**Endurskoðunarnefnd** hefur það hlutverk að fylgjast með verkefnum er varða reikningsskil, endurskoðun og innra eftirlit. Hún kemur að undirbúning gerðar ársreiknings og árshlutareiknings og gerir stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum og veitir stjórn ráðgjöf um málefni tengd reikningsskilum félagsins. Á árinu 2017 sátu í endurskoðunarnefnd stjórnarmennir Kristinn Ingi Lárusson, formaður, Jón Þór Grímsson og Þórnanna Jónsdóttir. Endurskoðunarnefnd hélt two fundi á árinu 2017. Á fundi stjórnar 26. apríl 2018 voru síðan kjörin í endurskoðunarnefnd stjórnarmennir Magnús Magnússon, formaður, Guðjón Valgeir Ragnarsson og Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir.

